

Afrekssjóður ÍBR

Starfsreglur

1.gr. Hlutverk

Afrekssjóður ÍBR er sjóður til styrktar afreksíþróttastarfi í Reykjavík. Úthlutun skal sérstaklega taka mið af afreksstefnu ÍBR.

2.gr. Fjármagn

Fjármagn fær sjóðurinn úr Framkvæmdasjóði ÍBR samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar ÍBR. Sjóðstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

3.gr. Skipan og hlutverk stjórnar

Í stjórn sjóðsins sitja 3 einstaklingar sem stjórn ÍBR skipar. Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða ársþingum ÍBR eða tvö ár.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að gera tillögu að úthlutun fjár úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

4.gr. Markmið

Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:

- Íþróttafólk sem hefur hæfileika og getu til að ná langt í sinni íþróttagrein.
- Þjálfara til þátttöku í námskeiðum.

Sjóðurinn mun styrkja verkefni sem tengjast afreksíþróttum svo sem æfingabúðir, námskeið og ferðir á mót erlendis.

Félög eru sérstaklega hvött til nýbreytni á sviði afreksíþróttar.

5.gr. Skilyrði

Umsækjendur skulu vera aðilar að ÍBR, sérráð, félög eða einstakar deildir félaga eftir atvikum vegna síns afreksfólks. Væntanlegur styrkþegi umsækjanda þarf að vera ofarlega í sinni íþróttagrein á landsvísu eða vera þjálfari ungmenna í fremstu röð.

Aðeins er hægt að sækja um vegna afreksfólks sem iðkar eða þjálfar íþrótt sína hjá íþróttafélögum innan vébanda ÍBR.

6.gr. Umsóknir

Alla jafna er úthlutað úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og er skilafrestur umsókna 15. mars og 15. september.

Umsóknir skulu berast stjórn sjóðsins á þar til gerðum eyðublöðum.

Sjóðsstjórn er heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagnar annarra aðila.

Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin leggja til hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur.

Tillögur sjóðsstjórnar, skulu lagðar fyrir stjórn ÍBR til samþykktar.

Sjóðsstjórn ber ekki að rökstyðja tillögur sínar.

Sjóðsstjórn skal gæta fyllsta trúnaðar gagnvart upplýsingum um einkahagi umsækjenda.

7.gr. Uppgjör

Styrkurinn verður greiddur til styrkhafa í áföngum og/eða eftir að verkefni lýkur allt eftir stærð verkefnis. Styrkur verður greiddur að fullu eftir að borist hefur fjárhagslegt uppgjör og stutt greinagerð um það.

Hafi styrkþegi ekki skilað lokauppgjör og skýrslu í lok febrúar á næsta ári eftir að tímaramma verkefnis lýkur, fynnist sá styrkur sem mögulega er ógreiddur.

8. gr. Kynningarmál

Auglýst verður eftir umsóknnum til allra aðildarfélaganna ÍBR tvisvar sinnum á ári. Auk þess skulu upplýsingar um sjóðinn allajafna vera á heimsíðum ÍBR.

9. gr. Gildistími

Reglugerð þessi tekur gildi þegar stjórn ÍBR hefur staðfest hana og gildir þar til stjórn ÍBR ákveður annað.

Samþykkt á fundi stjórnar ÍBR þann 4. mars 2015.